**Nd. 480. Breytingartillögur**

við till. til þingsályktunar um ásetning búpenings.

Frá bjargráðanefnd.

Till. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að greiða fyrir kaupum og flutningi á síld og öðrum fóðurbæti til skepnufóðurs til næsta vetrar.
2. Að tryggja landinu síldarbirgðir til manneldis og skepnufóðurs.
3. Að brýna fyrir sveitarstjórnum að halda fundi í haust með bændum, til samtaka um tryggilega ásetning búpenings.

Stjórninni heimilast nauðsynlegt fje til framkvæmda þessu.